## 1911 nr. 37 11. júlí
## Lög um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta

**Tóku gildi 9. október 1911.** *Breytt með* l. 38/1954 (tóku gildi 1. júlí 1954).

■ **1. gr.**

□ Konur eiga sama rétt eins og karlar til að njóta kennslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum menntastofnunum landsins.

■ **2. gr.**

□ Konur eiga sama rétt eins og karlar til hlutdeildar í styrktarfé því, sem veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri menntastofnanir landsins. . . . [1)]

[1)] *L. 38/1954, 37. gr.*

ELDRI ÚTGÁFA